



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 15. maí 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á 2. hæð Túnbraut 1-3.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir varamaður og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri. Péturína Laufey Jakobsdóttir hafði boðað forföll.

Niels Guðmundsson endurskoðandi sat fundinn undir 1. lið með fjarfundabúnaði.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2019

a. Endurskoðunarskýrsla

Fyrir fundinum lá endurskoðunarskýrsla Nielsar Guðmundssonar hjá Enor dags. 15. maí 2020. Endurskoðunarskýrslan var til kynningar.

b. Ársreikningur sveitarstjóðs og stofnana 2019 (seinni umræða)

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarstjóðs og stofnana sem var til fyrri umfjöllunar þann 24. apríl sl. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðunnar voru kr. 679,8 millj. en voru kr. 610,3 millj. árið 2018 og hafa hækkað um 11,4% á milli ára.

Rekstrarniðurstaða var jákvæð á árinu um kr. 22,8 millj. í samanburði við kr. 16,5 millj. Jákvæða afkomu árið 2018. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar reyndist kr. 25,4 millj. hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur A-hluta voru kr. 587,0 millj. og rekstrargjöld án afskrifta námu kr. 571,6 millj. Rekstur A-hluta fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld var því jákvæður um kr. 15,3 millj. Rekstrarniðurstaða A-hluta að teknu tilliti til fjármunatekna og afskrifta var neikvæð um kr. 2,8 millj.

Heildareignir sveitarfélagsins námu í árslok kr. 1.831,1 millj. og eigið fé var kr. 1.347,0 millj. Langtímaskuldir sveitarfélagsins námu kr. 229,9 millj. og tilheyra þær eingöngu félagslegum íbúðum. Engin ný lán voru tekin á árinu. Veltufjárhlutfall samstæðunnar var 7,56 en var 7,59 í árslok 2018. Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi var veltufé frá rekstri samstæðunnar kr. 80,6 millj. og handbært fé frá rekstri kr. 51,2 millj. Handbært fé samstæðunnar nam kr. 471 millj. í árslok. Fjárfestingar í varanlegum



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

rekstrarfjármunum námu kr. 73,3 millj. Söluverð rekstrarfjármuna og eignarhluta nam kr. 49 millj. Niðurstaða fjárfestingahreyfinga ársins var því kr. 24 millj.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti hann og áritaði að lokinni umræðu.

2. Viðauki við fjárhagsáætlun 2020

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2020. Er viðaukinn vegna rekstrar til kominn vegna reksturs á tjaldsvæði sveitarfélagsins sem hefur verið í útleigu síðustu ár, forsetakosninga 2020 og vegna þess að Lánasjóður sveitarfélaga mun ekki greiða arðgreiðslur á árinu. Þá er viðauki vegna fjárfestinga vegna forgreiningu á byggingu lauga og sjóbaða á Skagaströnd.

Viðauka sem lá fyrir var stillt upp í form í samræmi við reglugerð nr. 1212 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Viðauki vegna rekstrar			
	Málaflokkar	Deildir	Upphæð þús.
13	Atvinnumál	13-62 Tjaldsvæði	
		Þjónustutekjur breyting	-1.500
		Laun og annar kostnaður	3.072
21	Sameiginlegur kostnaður	21-19 Kosningar	
		Endurgreiðslur ríkissjóðs vegna forsetakosninga	-800
		Laun, leiga og annar kostnaður	800
28	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	28-02 Tekjur af eignarhlutum	
		Br. á arðgreiðslum Lánasj. Sveitarfélaga	900
		Samtals viðauki vegna rekstrar :	2.472
Viðauki vegna fjárfestinga			
	Málaflokkar	Deildir	Upphæð þús.
32	Eignasjóður	32-50 Fjárfestingar	
		Sérfræðiþjónusta -Forgreining v. lauga og sjóbaða	5.600
		Samtals viðauki vegna fjárfestinga :	5.600
Breyting á viðauka við fjárhagsáætlun er mætt með :			
	Lækkun á handbæru fé:		8.072

Sveitarstjórn samþykkti viðaukann og að honum yrði mætt með lækkun á handbæru fé.

3. Umsóknir um skólamáltíðir og leigu á Fellsborg

Fyrir fundinum lágu tvær umsóknir um skólamáltíðir og ein um leigu á Fellsborg. Voru umsóknir teknar fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 24. apríl sl.

Umsóknir bárust frá eftirfarandi aðilum:



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

- a. Örvari ehf. (Fellsborg og skólamáltíðir)
- b. Harbour ehf. (Skólamáltíðir)

Sveitarstjórn fór yfir fyrirbyggjandi umsóknir eftir síðasta sveitarstjórnarfund og fundaði með umsóknaraðilum. Sveitarstjórn ræddi forsendur og samþykkti með fimm atkvæðum að fela sveitarstjóra og oddvita að leita eftir samningum um skólamáltíðir og leigu á Fellsborg til eins árs við Örvar ehf.

4. Umsóknir um leigu á Bjarmanesi

Róbert lýsti sig vanhæfan til þess að fjalla um umsóknirnar og vék af fundi.

Fyrir fundinum lágu 3 umsóknir um leigu á Bjarmanesi.

- a. Áslaugu Ottósdóttur
- b. Guðbjörgu Evu Guðbjartsdóttur
- c. Jóni Hauki Daníelssyni

Sveitarstjórn yfirfór erindin og var sveitarstjóra og oddvita falið að leita eftir samningum við Áslaugu Ottósdóttur á forsendum umsóknar. Fram kom að mögulega væri hægt að hafa samstarf um notkun á hluta af húsnæðinu og var sveitarstjóra falið að kanna þann möguleika með umsækjendum.

5. Bréf

a. Birkis Karls Sigurðsson dags. 27.04.2020

Með erindinu kynnir Birkir Karl skáknámskeið fyrir ungmenni sem búa út á landi. Var erindið til kynningar.

b. Hollvinasamtaka Heilbrigðisstofnunar á Blönduósi og starfsfólks endurhæfingardeildar á sjúkra- og dvalardeild HSN á Blönduósi dags. 01.05.2020

Með erindinu er óskað eftir stuðningi við kaup á fjölnota þrekhjóli fyrir sjúkra- og dvalardeild HSN á Blönduósi. Samþykkt var veita styrk að upphæð kr. 50.000.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

c. Markaðsstofu Norðurlands dags. 04.05.2020

Með erindinu eru kynntar hugmyndir um uppbyggingu vegna sögutengdrar ferðaþjónustu og sveitarfélög hvött til þess að kynna sér möguleika á slíkum verkefnum. Erindið var til kynningar.

6. Fundargerðir

a. Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 6. apríl 2020
Fundargerð var til kynningar

b. Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 21. apríl 2020
Fundargerð var til kynningar

c. Stjórnar Norðurár dags. 8. apríl 2020
Fundargerð var til kynningar

d. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 27. apríl 2020
Fundargerð var til kynningar

e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 24. apríl 2020
Fundargerð var til kynningar

f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29. apríl 2020
Fundargerð var til kynningar

g. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 8. maí 2020
Fundargerð var til kynningar

h. Stjórnar Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 4. nóvember 2019
Fundargerð var til kynningar

i. Stjórnar Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 5. mars 2020
Fundargerð var til kynningar

j. Stjórnar Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 5. maí 2020
Fundargerð var til kynningar

7. Önnur mál

Ekki var fleira tekið fyrir undir þessum lið og var fundi slitið kl. 12:40.



*Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir*

Halldór G. Ólafsson

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Róbert Kristjánsson

Guðmundur Egill Erlendsson

Kristín Björk Leifsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir